

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, nr. 50/1971, nr. 101/1972 og nr. 74/1973.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við lögín bælist svo hljóðandi:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands, frá 13. nóvember 1973, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru botnvörpuveiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni milli 50 og 12 mílna frá grunnlínu, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal felld niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd sammingsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 15. nóvember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*